

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1545  
komudagur 25.2.2008

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2008  
Tilvísun: UST20080100113/klá

### Umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Vísað er til beiðni yðar þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um samgönguáætlun, 292. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að lög um samgönguáætlun hafi verið samþykkt á Alþingi 29. apríl 2002 og að frumvarpinu sé m.a. ætlað að sníða af vankanta og laga ýmis atriði í lagaumhverfinu betur að aðstæðum í dag. Hins vegar sé ekki með frumvarpinu ætlunin að breyta þeim markmiðum og tilgangi sem lágu að baki setningu gildandi laga og muni samgönguáætlun áfram taka til framkvæmda, öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins.

Umhverfisstofnun vill benda á að tekið hafa gildi lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og að í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kom fram að samgönguáætlun til tólf ára falli undir frumvarpið en að samgönguáætlun til fjögurra ára falli ekki undir frumvarpið nema í henni séu teknar ákvarðanir sem breyttu stefnumótuninni til tólf ára. Í lögum um umhverfismat áætlana er kveðið á um ákveðna málsmeðferð við gerð áætlana og umhverfismat þeirra. Telur Umhverfisstofnun að við endurskoðun á lögum um samgönguáætlun hefði átt að taka betur tillit til laga um umhverfismat áætlana. Stofnunin bendir sérstaklega á að sú krafa sem gerð er í lögum um umhverfismat áætlana m.a. um kynningu og samráð við gerð áætlunar og umhverfismats, aðkomu almenningss og afgreiðslu áætlunar endurspeglast ekki í þessu frumvarpi og að ekki er gert ráð fyrir aðkomu yfirvalda umhverfismála.


Umhverfisstofnun telur skilgreiningu á hvað falli undir að vera samgöngur skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins vera of þrönga. Að mati stofnunarinnar ætti samgönguáætlun að taka á hjólastígum, göngustígum, reiðstígum og hvernig almennt er hægt að bæta almenningssamgöngur.


Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að samgönguráð skuli minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgöngupingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar og boða til þingsins helstu hagsmunaaðila. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þingsins er sá sami og í gildandi

lögum (nr .71/2002), sem er að kynna hugmyndir um efni samgönguáætlunar og gefa hagsmunaaðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um framtíðarstefnumótun í samgöngum. Einnig að áfram verði gert ráð fyrir samráði við hagsmunaaðila og kynningu fyrir almenning einkum gegnum umhverfismat áætlana. Umhverfisstofnun telur rétt að skilgreina nánar hverjir þeir hagsmunaaðilar eru sem taka þátt í samgönguþingi og mikilvægt að þar á meðal séu m.a. aðilar frá umhverfisyrfirvöldum og ferðamálageiranum. Umhverfisstofnun gerði veigamiklar athugasemdir við umhverfismat samgönguáætlunar 2007-2018 og er umsögn stofnunarinnar meðfylgjandi. Þar kemur fram að mat stofnunarinnar var m.a. að umhverfisskýrslan hafi ekki verið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Stofnunin vill hins vegar taka fram að brugðist var við mörgum athugasemdum sem stofnunin gerði við samgönguáætlun 2007 -2018.

Umhverfisstofnun telur að þetta sýni m.a. nauðsyn þess að aðkoma umhverfisyrfirvalda að gerð samgönguáætlunar sé eins framarlega í ferlinu og kostur er og því eðlilegt að skylt sé að boða aðila frá yfirvöldum umhverfismála á samgönguþing.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Helgi Þorsson  
Ráðgjafi